

Húsnæðismarkaðurinn

Mánaðarskýrsla



Fréttir Íbúðalánasjóðs af húsnæðismarkaði:

[Leiga í samræmi við greiðslugetu í almenna íbúðakerfinu](#)

[Árshækkun leigu meiri en hækkun íbúðaverðs og launa](#)

[Hægst hefur á vexti tekna af Airbnb-leigu](#)

[12 mánaða hækkun íbúðaverðs mælist 4,6%](#)

[Konur neikvæðari gagnvart leigumarkaðnum en karlar](#)

[Leigumarkaðurinn á landsbyggðinni leynir á sér](#)

[Hæsta hlutfall fólks sem býr enn heima á Norðurlöndunum](#)



**Íbúðalána
sjóður**


Ásett verð íbúða lítið breyst að undanförunu

Ásett verð íbúða sem auglýstar eru til sölu á höfuðborgarsvæðinu hefur nokkurn veginn staðið í stað frá því í janúar síðastliðnum eftir nokkuð skarpt hækkunartímabil frá byrjun árs 2016 til haustmánaða 2017. Vísitala ásetts verðs á höfuðborgarsvæðinu, sem er mælikvarði hagdeildar á ásett verð íbúða, hefur að meðaltali hækkað um 0,4% á milli mánaða það sem af er ári samanborið við 1% meðalhækkun á milli mánaða árið 2017.¹

Vísitala íbúðaverðs, sem mælir söluverð íbúða á höfuðborgarsvæðinu, hefur að meðaltali hækkað um 0,5% á milli mánaða það sem af er árinu samanborið við 1,1% meðalhækkun á árinu 2017.

Undanfarna 12 mánuði hefur vísitala ásetts verðs á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 3,1% en vísitala íbúðaverðs um 4,3%.²

Vísitölur ásetts verðs og íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Fasteignaleit, hagdeild Íbúðalánasjóðs

¹ Vísitalan er reiknuð með svipuðum hætti og vísitala íbúðaverðs. Gögn um ásett fermetraverð íbúða frá Fasteignaleit eru flokkuð eftir fjórum tegundum íbúða og þriggja mánaða hlaupandi meðaltal fundið fyrir hvern flokk. Þær upplýsingar eru síðan vegnar eftir vægi flokka í fjölda auglýsinga undanfarna 12 mánuði.


² Vísitala ásetts verðs byggist á íbúðum sem eru nýskráðar til sölu í hverjum mánuði en vísitala íbúðaverðs byggist á kaupsamningum sem þinglýst var í mánuðinum óháð því hvenær sú íbúð var skráð til sölu.

Fasteigna- markaður



Fjöldi íbúða sem settar eru í sölu

Árstíðaleiðrétt



Heimild: Fasteignaleit, hagdeild Íbúðalánasjóðs

Fjöldi nýskráðra íbúða á sölu farið vaxandi á höfuðborgarsvæðinu en fækkandi á landsbyggðinni

Fjöldi íbúða sem settar eru í sölu á höfuðborgarsvæðinu hefur heldur farið vaxandi frá því í lok síðasta árs. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum sveiflum var fjöldi eigna sem komu nýjar inn á markaðinn í aprílmánuði sá mesti síðan í september í fyrra. Ögn dró úr þeim fjölda í maí en þær eru þó 9% fleiri en á sama tíma fyrir ári síðan. Fjöldi eigna sem settar eru í sölu annars staðar á landinu hefur minnkað nokkuð frá því í október síðastliðnum eins og sjá má á myndinni hér til hliðar. Í maí fóru alls 34% færri eignir inn á sölu á landsbyggðinni en á sama tíma í fyrra.

Fjöldi kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu hefur farið vaxandi milli mánaða að undanfögnu. Alls var 703 kaupsamningum um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu þinglýst í maí sem er mesti fjöldi frá því í mars 2017 og um 21% fleiri samningar en í maí 2017. Utan höfuðborgarsvæðisins var alls 426 kaupsamningum um íbúðarhúsnæði þinglýst í maí en það eru ríflega 5% fleiri samningar en í sama mánuði í fyrra. Þó að hægt hafi á fjölgun eigna sem settar eru í sölu utan höfuðborgarsvæðisins er því ekki að sjá að viðskiptum fari fækkandi.

Er erfiðara að kaupa fyrsta húsnæði nú en áður?

Mikið hefur verið rætt undanfarið um erfiðleika fólks við að festa kaup á sinni fyrstu fasteign. Lánaskilyrði eru ekki jafn sveigjanleg og fyrir hrun, auk þess sem húsnæði hefur hækkað mikið í verði. Hvort tveggja leiðir til þess að fyrstu kaupendur, sem og aðrir, þurfa að leggja fram mikið eigið fé við kaup á fasteign.

Íbúðalánasjóður hefur með reglulegu millibili staðið fyrir spurningakönnunum meðal almennings þar sem staða fólks á húsnæðismarkaði er til skoðunar. Nýjasta könnun sjóðsins var framkvæmd á tímabilinu 23. maí til 6. júní sl. af Zenter rannsóknum og var um netkönnun meðal könnunarhóps þeirra að ræða. Úrtakið taldi 2.300 einstaklinga 18 ára og eldri og var svarhlutfallið 52%. Gögn voru vigtuð til þess að úrtakið endurspegladi álit þjóðarinnar.


Í könnuninni var aldur fyrstu kaupenda meðal annars tekinn til skoðunar og í ljós kom að hann hefur farið hækkandi síðustu áratugi. Þeir sem keyptu sína fyrstu fasteign fyrir árið 1970 voru að meðaltali 22 ára og þeir sem keyptu á árunum 1970–1979 voru að meðaltali um 24 ára. Þessi meðalaldur fer svo hækkandi með hverjum áratug og voru þeir sem keyptu sína fyrstu fasteign eftir síðustu aldamót (2000–2018) að meðaltali um 28 ára gamlir.

Þrátt fyrir að meðalaldur kaupenda á árunum 2000–2018 hafi verið 28 ár var um 41% kaupenda yngri en 25 ára á árunum 2000–2009 en aðeins um 28% kaupenda var undir 25 ára aldri eftir árið 2010. Þessar niðurstöður eru vísbending um að annaðhvort hafi sífellt orðið erfiðara fyrir ungt fólk að koma inn á markaðinn eða fólk kjósi að kaupa sér sína fyrstu fasteign síðar á lífsleiðinni.

Meirihluti fyrstu kaupenda í dag fær aðstoð frá fjölskyldu


Í þessu samhengi er einnig fróðlegt að skoða hvort fólk hafi fengið aðstoð við sín fyrstu kaup. Spurt var hvort húsnæðiseigendur hefðu fengið aðstoð frá vinum eða ættingjum til þess að fjármagna fyrstu kaup en sú aðstoð gat verið í formi styrks, láns, lánsveðs, kaupa ættingja í hlut húsnæðisins, arfs, vinnuframlags eða þess að kaupendur fengu að búa tímabundið hjá þeim.

Hvað varst þú gamall/gömul þegar þú keyptir húsnæði í fyrsta skipti?



Heimild: Zenter, leigumarkaðsdeild Íbúðalánasjóðs

Fékkst þú aðstoð frá ættingjum eða vinum við að fjármagna þín fyrstu húsnæðis kaup?



Heimild: Zenter, leigumarkaðsdeild Íbúðalánasjóðs

Í ljós kemur að af þeim sem keyptu sína fyrstu fasteign fyrir árið 1970 fengu um 54% aðstoð frá ættingjum eða vinum. Hafa verður í huga að á þessum tíma var ekki eins virkur lánamarkaður á Íslandi og nú.

Af þeim sem keyptu sína fyrstu fasteign á árunum 1970-1979 fengu 38% aðstoð við fjármögnun frá ættingjum og vinum. Næsta áratug þar á eftir eða frá 1980 til 1989 fengu eingöngu um 35% þeirra sem voru að kaupa sína fyrstu fasteign aðstoð frá ættingjum eða vinum en það er lægsta hlutfallið sem mældist í áðurnefndri könnun.

Árið 2004 hófu bankarnir innreið sína inn á lánamarkaðinn með látum og buðu allt að 100% lán. Þrátt fyrir það jókst hlutfall þeirra sem fengu aðstoð við fjármögnun fyrstu húsnæðis kaupa í 44% á árunum 2000-2009. Eftir hrun eða á árunum eftir 2010 hefur þetta hlutfall farið upp í 59% og því er ljóst að meirihluti kaupenda fékk aðstoð við sín fyrstu húsnæðis kaup eftir hrun.

Það að fólk sé bæði að meðaltali orðið eldra þegar það kaupir sína fyrstu íbúð og þurfi í auknum mæli að fá aðstoð ættingja eða vina við kaupin sýnir að það er erfitt að komast inn á markaðinn á eigin spýtur. Þessi niðurstaða er vísbending um að fjölga þurfi valmöguleikum fólks til þess að öðlast húsnæðisöryggi, hvort sem er til kaups eða leigu.

Leigumarkaður

Færri einstaklingar á hvert heimili á leigumarkaði


Í nýjustu könnun Íbúðalánasjóðs og Zenter, sem einnig var vitnað til í kaflanum um fasteignamarkaðinn hér að framan, kemur fram að nú eru um 16% þjóðarinnar, 18 ára og eldri, á leigumarkaði og er þetta áþekk niðurstaða og mælst hefur síðustu mánuði.

Spurt var hversu margir heimilismenn væru á heimili svarenda að þeim meðtöldum og í ljós kom að það eru að meðaltali þrír einstaklingar á hverju heimili. Ekki mældist marktækur munur á niðurstöðum eftir því hvort heimilið var á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess. Þó mældist marktækur munur eftir því hvort viðkomandi leigði viðkomandi húsnæði eða átti það. Heimili á leigumarkaði telja að meðaltali 2,38 einstaklinga á meðan heimilismenn sem búa í eigin húsnæði eru 2,96 talsins að meðaltali á hverju heimili.

89% leigjenda ætla sér að vera áfram á leigumarkaði

Íbúðalánasjóður hefur spurt reglulega út í áform fólks um að vera á leigumarkaði eftir hálf t.ár. Nýjustu gögn sýna okkur að 19% þjóðarinnar telja öruggt eða líklegt að þau verði á leigumarkaði eftir hálf t.ár. Enginn marktækur munur er frá síðustu mælingu í febrúar þegar 18% töldu líkur á að vera á leigumarkaði að hálfu áru liðnu. Spurt hefur verið með eftirfarandi hætti: „Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú verðir á leigumarkaði eftir 6 mánuði“ og boðið upp á svarmöguleika á 7 stiga skala, þar sem 1 jafngildir alveg örugglega ekki og 7 alveg öruggt.

Hvað lýsir best búsetu þinni?



Heimild: Zenter, leigumarkaðsdeild Íbúðalánasjóðs


Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú verðir á leigumarkaði eftir 6 mánuði?

Svarmöguleikar	Vægi
alveg öruggt	7
mjög líklegt	6
frekar líklegt	5
hvorki né	4
frekar ólíklegt	3
mjög ólíklegt	2
alveg örugglega ekki	1

Leigumarkaður


Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú verðir á leigumarkaði eftir 6 mánuði?

Meðaltal, óháð núverandi búsetuformi



Heimild: Zenter, leigumarkaðsdeild Íbúðalánasjóðs

Hversu líklegt eða ólíklegt er að leigjendur verði áfram á leigumarkaði?



Heimild: Zenter, leigumarkaðsdeild Íbúðalánasjóðs

Meðaltalið úr fyrri könnunum hefur yfirleitt verið í kringum 2,3. Það er að segja, svarendur telja almennt mjög eða frekar ólíklegt að þeir verði á leigumarkaði eftir hálf t.ár.

Séu niðurstöður skoðaðar eftir búsetu kemur í ljós að leigjendur telja þó almennt miklar líkur á að þeir verði áfram á leigumarkaði en þar hefur meðaltalið verið í kringum 6 sem jafngildir „mjög líklegt“. Í nýjustu könnuninni töldu 89% leigjenda líklegt eða öruggt að þeir yrðu áfram á leigumarkaði og auk þeirra telja 21% þeirra sem eru í foreldrahúsum líkur á að þeir færi sig yfir á leigumarkað á næstu 6 mánuðum.

Leigjendur ólíklegir til þess að ráðast í fasteignakaup

Spurt hefur verið út í áform fólks um fasteignakaup á næstu 6 mánuðum. Niðurstöður hafa verið nokkuð svipaðar milli mælinga en um 6% þjóðarinnar telja nú líkur á að þau kaupi sér fasteign á næsta hálf t.ári. Í síðustu mælingu töldu 9% leigjenda öruggt eða líklegt að þau myndu kaupa fasteign eftir 6 mánuði og sýnir meðaltal niðurstaða að flestir leigjendur telja mjög ólíklegt að þeir kaupi sér fasteign á næstu 6 mánuðum.


Leigumarkaður

Ef áform leigjenda um að vera áfram á leigumarkaði og sömuleiðis kaupa sér fasteign eru bornar saman við síðustu mælingu má sjá að undir lok síðasta árs og á fyrstu mánuðum ársins urðu leigjendur örlítið líklegri til þess að ætla kaupa sér fasteign á næsta hálfu ári. Þá minnkuðu sömuleiðis líkur á að þeir yrðu áfram á leigumarkaði en sú þróun virðist hafa snúist örlítið við í nýjustu mælingunni. Hafa ber þó í huga að afar lítil breyting er á milli mælinga.

Seðlabanki Íslands birti á dögunum vísitölur fyrirhugaðra stórkaupa sem byggðar eru á könnun Gallup á væntingum neytenda. Þar má sjá að almennt eru væntingar til stórkaupa örlítið yfir langtímameðaltali frá upphafi mælinga en þær hafa þó lækkað frá því fyrir ári síðan.¹ Fyrirhuguð húsnæðis kaup landsmanna hafa aukist aðeins milli ársfjórðunga eftir að hafa náð staðbundnu lágmarki í september síðastliðnum þegar væntingarnar til húsnæðis kaupa höfðu ekki verið minni síðan í desember 2011. Væntingar hafa síðan smám saman aukist og eru nú svipaðar og í mars 2017.

¹ Vísitala fyrirhugaðra stórkaupa er reiknað meðaltal fyrir vísitölu bifreiðakaupa, húsnæðis kaupa og kaupa á utanlandsferðum.

Áform leigjenda til búsetu




Heimild: Zenter, leigumarkaðsdeild Íbúðalánasjóðs




Leigumarkaður

Samanburður á 12 mánaða hækkun launa, leiguverðs og íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu



Heimild: Þjóðskrár Íslands, Hagstofa Íslands

Samanburður á vísitölu leiguverðs og íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu



Heimild: Þjóðskrár Íslands

Verðvísitölur íbúða- og leiguverðs færast nær hvor annarri

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,1% í maí samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands. Árshækkun leiguverðs, samkvæmt þinglýstum leigusamningum, mælist því nú 7,2% og er ofar bæði árshækkun íbúðaverðs og launa. Árshækkun launa mælist í maí 6,3% og árshækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu 4,6%.

Fyrir nákvæmlega einu ári síðan var staðan sú að íbúðaverð hafði hækkað um 23,5% á ársgrundvelli og var það mun meiri hækkun á einu ári en áður hafði sést. Leiguverð fylgdi að einhverju leyti í kjölfarið með 14% hækkun, sem er ekki jafn áberandi en þó yfir langtímameðaltali vísitölnunnar á ársgrundvelli sem er um 8,6% frá upphafi mælinga. Þróunin síðustu mánuði gefur vísbendingar um að stærðirnar séu nú í auknum mæli farnar að þróast í takt við hvor aðra og að það mikla misvægi sem varð á milli þróunar fasteigna- og leiguverðs sé að einhverju leyti gengið til baka.

Lánamarkaður



Ný íbúðalán

Aukning hefur orðið í nýjum íbúðalánnum heimilanna á undanförunum mánuðum eftir nokkurn samdrátt á milli mánaða í lok árs 2017. Fyrstu fimm mánuði ársins mælist um 20% aukning frá sama tímabili í fyrra. Fjárhæð nýrra íbúðarlána fyrstu fimm mánuði ársins nam um 85 milljarða króna samanborið við 70 milljarða króna yfir sama tímabil í fyrra.¹


Frá janúar til og með maí á þessu ári námu hrein ný íbúðalán bankakerfisins til heimilanna um 49 milljörðum króna, samanborið við 44 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Þannig mælist um 11,2% aukning í hreinum nýjum útlánnum bankakerfisins milli ára.

Fyrstu fimm mánuði þessa árs var fjárhæð nýrra útlána lífeyrissjóðanna til sjóðsfélaga um 59 milljarðar króna en yfir sama tímabil í fyrra nam sú fjárhæð 50 milljörðum króna. Þannig nam vöxtur í útlánnum lífeyrissjóðanna um 16,4% milli þessara tímabila.

Stærsti einstaki útlánamánuður lífeyrissjóðanna frá upphafi var nú í maímánuði þegar ný útlán til sjóðsfélaga námu tæpum 15 milljörðum króna.

Ný íbúðalán innlánsstofnana og ÍLS til heimila, að frádregnum uppgreiðslum, auk nýrra útlána lífeyrissjóða


Milljarðar ISK



Heimild: Seðlabanki Íslands, hagdeild Íbúðalánasjóðs

¹ Að frádregnum uppgreiðslum á eldri lánnum innlánsstofnana og ÍLS. Upplýsingar um uppgreiðslur af eldri lánnum lífeyrissjóðanna eru ekki aðgengilegar og því ekki inn í þessum tölum.

Ársbreyting í heildaríbúðalánum heimila að raunvirði*




*hlaupandi 3ja mánaða meðaltal á föstu verðlagi

Heimild: Seðlabanki Íslands, hagdeild Íbúðalánasjóðs

Þróun í heildarstöðu útlána til heimila með veð í íbúð að raunvirði

Milljarðar ISK



Heimild: Seðlabanki Íslands, hagdeild Íbúðalánasjóðs

Skuldir heimilanna

Ef horft er til þróunar heildarstöðu innlenda fjármálakerfisins í útlánum til heimilanna¹ með veð í íbúð kemur fram að árleg raunaukning í þeim hluta af skuldastöðu heimilanna hefur haldið áfram að vaxa það sem af er þessu ári.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hér til hliðar hefur raunhækkun í heildaríbúðalánum heimilanna ekki verið meiri frá byrjun árs 2010. Í janúar 2016 höfðu íbúðaskuldir heimila að raunvirði lækkað um 4,5% á einu ári en í maí síðastliðnum höfðu þær hins vegar hækkað um 5,7%.

Frá byrjun árs 2016 hafa heildarskuldir heimilanna með veð í íbúð hjá lífeyrissjóðunum aukist að raunvirði um ríflega 100%. Líkt og matsfyrirtækið S&P benti á í [nýjasta mati](#) sínu á lánshæfiseinkunnum ríkissjóðs þarf að líta á þessa þróun sem ákveðinn áhættuþátt fyrir íslenska hagkerfið þar sem ekki hafi enn reynt á getu lífeyrissjóðanna til að hafa eftirlit með lánveitingum sínum í niðursveiflu.

¹ Að teknu tilliti til uppgjöra tengdum föllnu bönkunum.

Íbúðalánasjóður



Ný útlán

Ný útlán Íbúðalánasjóðs í maí 2018 námu 408 milljónum króna, þar af voru almenn útlán að upphæð 296 milljónir króna. Til samanburðar námu almenn útlán í apríl 323 milljónum króna. Meðalfjárhæð almennra lána var tæpar 16 milljónir króna.

Þróun vanskila útlána¹


Í lok maí nam fjárhæð vanskila útlána til einstaklinga 664 milljónum króna. Undirliggjandi lánavirði var tæpir 7 milljarðar króna eða um 2% útlána sjóðsins til einstaklinga.

Vanskil útlána til lögaðila eru orðin hverfandi í bókum sjóðsins. Fjárhæð þeirra vanskila nam í lok maí, líkt og mánuðinn áður, um tveimur milljónum króna og var undirliggjandi lánavirði 56 milljónir króna. Tengjast því vanskil 0,04% lána fjárhæðar sjóðsins til lögaðila.

Í lok maí nam heildarfjárhæð vanskila 666 milljónum króna og lækkuðu vanskil um 41 milljón króna milli mánaða. Vanskil ná samtals til 1,5% lána safnsins en sambærilegt hlutfall var 2,6% í maí 2017.


Vanskil einstaklinga

Milljarðar ISK



Vanskil lögaðila

Milljarðar ISK




¹ Vanskil flokkast hér sem lán sem hafa verið í vanskilum umfram 90 daga.

Íbúðir Íbúðalánasjóðs

Í lok maí 2018 átti Íbúðalánasjóður 347 íbúðir. Sjóðurinn seldi 14 eignir í mánuðinum og ein ný íbúð bættist við eignasafnið. Til viðbótar þeim eignum sem seldar voru í mánuðinum hefur Íbúðalánasjóður samþykkt kautilboð í 37 eignir og vinna nú tilboðsgjafar að fjármögnun þeirra.

Í lok maí voru 115 eignir ÍLS í almennri sölumæðferð hjá fasteignasölum víðs vegar um landið. Þá voru í lok mánaðarins 208 íbúðir í leigu hjá eignasviði Íbúðalánasjóðs og eru þessar eignir um land allt. Stór hluti þeirra er leigður til fjölskyldna og einstaklinga sem dvöldu í eignunum þegar Íbúðalánasjóður eignaðist þær.

Seldar íbúðir



Íbúðir ÍLS eftir landshluta og stöðu í lok maí 2018

	Í sölufarli	Í leigu	Auðar	Í vinnslu	Samtals maí. '18	Samtals apr. '18
Höfuðborgarsvæðið	20	34	8	1	63	64
Suðurnes	16	70	4	1	91	91
Vesturland	10	31	3	0	44	47
Vestfirðir	9	10	0	0	19	19
Norðurland vestra	2	4	0	0	6	7
Norðurland eystra	14	9	1	0	24	27
Austurland	26	14	2	0	42	41
Suðurland	18	36	4	0	58	64
Samtals	115	208	22	2	347	360

Greiðsla húsnæðisbóta

Í lögum um húsnæðisbætur eru grunnfjárhæðir húsnæðisbóta skilgreindar m.t.t. fjölda heimilismanna. Þættir sem hafa áhrif á útreikninginn og geta skert grunnfjárhæð eru skattskyldar tekjur og nettó eignir allra heimilismanna, 18 ára og eldri, og leigufjárhæð. Óskertar mánaðarlegar bætur eru 32.460 kr. fyrir einstakling. Ef um er að ræða tvo heimilismenn nema bæturnar 42.931 kr. og 50.261 kr. fyrir þrjá. Séu heimilismenn fjórir eða fleiri nema óskertar bætur 54.449 kr. á mánuði.

Heildarfjárhæð greiddra húsaleigubóta í maí var tæplega 553,5 milljónir kr. sem er 25,3% aukning frá því í apríl. Stóran hluta hækkunarinnar má rekja til leiðréttinga vegna fyrstu fjögurra mánaða ársins 2018 sem numu rúmlega 63 milljónum króna en án þeirra leiðréttinga hefði hækkunin verið 11%. Á fyrstu fimm mánuðum ársins 2018 voru greiddar húsnæðisbætur 13,9% hærrí en á sama tímabili árið áður. Fjöldi umsókna að baki greiðslum húsnæðisbóta í maí 2018 var 15.070 og námu greiddar bætur að meðaltali um 32.529 kr.

Lykiltölur húsnæðisbóta

Maí 2018

Heildarfjárhæð greiðslna*	553.430.705 kr.
Fjöldi umsókna að baki greiðslum	15.070
Meðaltal tekna sem voru notaðar í útreikningi	377.634 kr.
Meðaltal eigna sem voru notaðar í útreikningi	883.981 kr.
Meðalfjárhæð húsnæðisbóta	32.529 kr.

Meðalleigufjárhæð 125.938 kr.

* Inni í þessari tölu eru uppgjörsgreiðslur vegna fyrstu fjögurra mánaða ársins 2018, samtals um 63 milljónir kr.

Greiðslur húsnæðisbóta

	Maí	Janúar-maí
2018	553.430.705 kr.	2.534.229.750 kr.
2017	441.596.036 kr.	2.225.932.619 kr.



Íbúðalána sjóður

Útgefandi:

Hagdeild Íbúðalánasjóðs

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Sigfinnsson (gudmundurs@ils.is)

Útgáfudagur:

10. júlí 2018

Hagdeild Íbúðalánasjóðs er óháður aðili sem framkvæmir greiningar á húsnæðismarkaði. Upplýsingar sem birtast í skýrslu þessari endurspeglar mat starfsmanna Hagdeildar á fyrirliggjandi upplýsingum á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

Hagdeild Íbúðalánasjóðs ber ekki skylda til að veita aðgang að frekari upplýsingum en birtar eru í skýrslu þessari.